

<b>Íslenska</b>	
<b>Hæfniviðmið – Lestur og bókmenntir</b>	
<b>1. bekkur</b>	<b>Að nemandi geti:</b>
	Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
	Valið sér lesefni eftir áhuga sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings
	Lesið ævintýri, sögur, fræðitexta og ljóða ætluð börnum
	Beitt hugtökum eins og sögupersóna og umhverfi
	Áttað sig á rími
	Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum

<b>Hæfniviðmið – Málfræði</b>	
<b>1. bekkur</b>	<b>Að nemandi geti:</b>
	Fundið helstu einingar málsins, svo sem sérhljóða, samhljóða, hljóð og orð
	Fundið helstu greinarmerki s.s. punkt, spurningamerki og upphrópunarmerki
	Geti raðað í stafrófsröð
	Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta
Leikið sér með orð með því að ríma og fara í orðaleiki	

<b>Hæfniviðmið – Ritun</b>	
<b>1. bekkur</b>	<b>Að nemandi geti:</b>
	Dregið rétt til stafs
	Gefið stærð bókstafa svigrúm í eigin ritun
	Haft bil á milli orða svo skrift verði skýr og læsileg
	Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli (miðja) og niðurlagi (endir)
	Samið léttan texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn eða skilaboð

<b>Hæfniviðmið – Talað mál, hlustun og áhorf</b>	
<b>1. bekkur</b>	<b>Að nemandi geti:</b>
	Beitt skýrum og áheyrilegum framburði
	Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið
	Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð eða söngva og greint frá upplifun sinni
	Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi

## Hæfnieinkunn

★ Framúrskarandi  
 ✓ Hæfni náð  
 ◇ Á góðri leið  
 ⦿ Varfnast þjálfunar  
 ✗ Hæfni ekki náð

## Stærðfræði

1. bekkur

## Hæfniviðmið – Að geta spurt og svarað með stærðfræði

## Að nemandi geti:

Útskýrt hugsun sína og lausnir stærðfræðiviðfangsefna fyrir jafnöldrum sínum

Tekið þátt í samræðum við jafnaldra um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði

Sett fram og túlkað einföld súlurit

1. bekkur

## Hæfniviðmið – Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

## Að nemandi geti:

Þekkt og notað talnarunur 0-100

Notað einföld hugtök og táknmál úr stærðfræði s.s. meira en, minna en, lengra, styttra, fyrir framan, fyrir aftan og jafnt og

Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerkin +, - og =

Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn: talnagrind, talnalínu, súlurit, kubba og tappa til útreikninga á stærðfræðilegum viðfangsefnum

1. bekkur

## Hæfniviðmið – Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

## Að nemandi geti:

Nýtt sér fjölbreyttar lausnaleyðir við úrvinnslu og útreikninga þar með talin hlutbundin gögn og teikningar

Unnið einstaklingslega að stærðfræðilausnum

Unnið í samvinnu við aðra nemendur að stærðfræðilausnum

<b>Hæfniviðmið – Tölur og reikningur</b>	
<b>1. bekkur</b>	<b>Að nemandi geti:</b>
	Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman
	Skráð fjölda 0-10 með tugakerfisrithætti
	Skráð fjölda 11-20 með tugakerfisrithætti
	Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt
	Leyst einföld viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi
	Geti beitt skriflegum útreikningum

<b>Hæfniviðmið – Algebra</b>	
<b>1. bekkur</b>	<b>Að nemandi geti:</b>
	Tjáð sig um reglur í mynstrum
	Búið til mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti
	Leyst einfaldar jöfnur í samlagningu og frádrætti

<b>Hæfniviðmið – Rúmfræði og mælingar</b>	
<b>1. bekkur</b>	<b>Að nemandi geti:</b>
	Flokkað hluti eftir eiginleika s.s. stærð, lit og lögun
	Notað hugtök úr rúmfræði um form s.s. hringur, ferhyrningur, ferningur og þríhyrningur
	Áætlað og mælt lengd með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum

<b>Hæfniviðmið – Tölfræði og líkindi</b>	
<b>1. bekkur</b>	<b>Að nemandi geti:</b>
	Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið
	Talið, flokkað og skráð fjölda
	Lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit

<b>Hæfnieinkunn</b>				
 Framúrskarandi	 Hæfni náð	 Á góðri leið	 Arnast þjálfunar	 Hæfni ekki náð

### Sviðslistir

#### Hæfniviðmið 1. bekkur – Dans

**Að nemandi geti:**

Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama

Tekið tillit til jafningja í samstarfi

Hlustað á hugmyndir jafningja og lagt fram eigin

#### Hæfniviðmið 1. bekkur – Leiklist

**Að nemandi geti:**

Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi

Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína

Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum

Lýst leiknu efni á sviði og/ eða í myndmiðlum út frá sögubræði, innihaldi og persónum í verkinu

#### Hæfniviðmið 1. bekkur – Sjónlistir

**Að nemandi geti:**

Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar

Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum

Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun

Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar

### Náttúrufræði

#### Hæfniviðmið 1. bekkur – Geta til aðgerða

**Að nemandi geti:**

Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra

#### Hæfniviðmið 1. bekkur – Nýsköpun og hagnýting þekkingar

**Að nemandi geti:**

Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu

Bent á störf sem krefjast sérþekkingar

**Hæfniviðmið 1. bekkur – Gildi og hlutverk vísinda og tækni**

**Að nemandi geti:**

Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum

**Hæfniviðmið 1. bekkur – Vinnubrögð og færni**

**Að nemandi geti:**

Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni

Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim

**Hæfniviðmið 1. bekkur – Ábyrgð á umhverfinu**

**Að nemandi geti:**

Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð

Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru

**Hæfniviðmið 1. bekkur – Að búa á jörðinni**

**Að nemandi geti:**

**Hæfniviðmið 1. bekkur – Lífsskilyrði manna**

**Að nemandi geti:**

Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans

Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns

Útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans

**Hæfniviðmið 1. bekkur – Náttúra Íslands**

**Að nemandi geti:**

Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu

**Hæfniviðmið 1. bekkur – Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**
**Að nemandi geti:**

Flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra

Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir

**Samfélagsfræði**
**Hæfniviðmið 1. bekkur – Félagsheimur:  
Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra**
**Að nemandi geti:**

Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,

Getur hlustað á og greint ólíkar skoðanir

Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti

Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra

Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna

Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur

Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi

**Hæfniviðmið 1. bekkur – Sjálfsmynd:  
Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum**
**Að nemandi geti:**

Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum

Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur

Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann

Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði

Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti

Sett sig í spor annarra jafnaldra

Hæfniviðmið 1. bekkur – Reynsluheimur: Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann
Að nemandi geti:
Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi
Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni
Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum
Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátfðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, í nærsamfélaginu
Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna
Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins
Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu